

## **Stjórnarfundur 22. 08. 2018**

**Mætt eru:** Lilja, Munda, Anna, Hilmar, Falur, Guðrún, Harpa, Kristín, Sigurrós, Guðný, Ómar, Gunnrún

### **1. Dagskrá fyrir sundárið 2018-2019**

Atburðadagatal nánast tilbúið fyrir alla hópa og verður birt á heimasíðunum mjög fljótlega. Fundur með þjálfurum framundan og svo foreldrafundur í framhaldinu. Helena er í fæðingarorlofi og leysa Eddi, Jóna Helena og Jóhanna hana af.

### **2. Ferðir erlendis á sundárinu**

Keppnisferð í janúar er í skoðun verið er að skoða mót sem koma til greina.

### **3. Fararstjórar/þjálfari segja frá æfingaferð**

Ferðin heppnaðist vel fyrir utan slys sem varð í tívolí þegar sundmaður handleggsbrotnaði. Lærdóm má þó draga af þessu slysi til dæmis varðandi tryggingamál en evrópska tryggingakortið var ekki nóg. Aðstaðan frábær í lauginni til dæmis var straumlaugin mjög sniðug.

### **4. Fánar í Vatnaveröld**

Hugmynd að setja upp fána í Vatnaveröld með helstu afrekum okkar, einn fána fyrir hvert afrek. Best mun vera að hafa seglfána í sundlaugaumhverfi. Gerðir verða fánar fyrir öll afrek síðan ÍRB samstafið hófs 2001 og eru það 23 fánar. Samþykkt að fara í þetta verkefni.

### **5. Framtíðarskipan á bikarskápum í anddyri sundlaugar.**

Ný afgreiðsla er að koma í Vatnaveröld og bikaraskáparnir fara út. Teiknaðir verða nýjir skápar en þeir verða minni. Við þurfum því að velja úr það mikilvægasta. Hafa skáp fyrir sundmann ársins og stærstu bikarana. Hafa minni bikara niðri í dómaraherbergi.

## 6. Frekari framkvæmdir í þrekaðstöðu

Á næstunni verður brotinn niður einn veggur í aðstöðunni okkar í kjallaranum til þess að opna betur rýmið sem notað er fyrir dómara. Erum komin með hlaupabretti í salinn.

## 7. Nýr tækjabúnaður

Búið er að panta nýja startpalla, baksundsbúnað, eitt ræsitæki og tvo patsa.

## 8. Sjósund

Verið er að athuga með hvort sjósundið verði í ár.

## 9. Sundhettur

Samþykkt að láta gera nýjar sundhettur. Davíð Hildiberg er að vinna að hugmyndum fyrir okkur.

## 10. Önnur mál

Nýju gjaldkerarnir fá hrós fyrir frábæra frammistöðu. Fararstjórar í æfingaferðinni fá líka hrós fyrir sitt starf og fyrirmyndar viðbrögð eftir slysið í ferðinni.